

Tillaga:

„ Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson og ríkisstjórnina, að draga til baka ákvörðun sína um að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar þar sem engin málefnaleg rök fyrir flutningnum hafa komið fram.“

Greinargerð:

Bæjarráð Hafnarfjarðar mótmælti 1. júlí sl. þeim áformum ráðherra að flytja starfsemi Fiskistofu úr Hafnarfirði. Þegar ákvörðun um flutning opinberra stofnana, og þá starfa á milli landshluta, er tekin verður að gera þá kröfu að fyrir liggi málefnaleg rök. Svo er ekki um að ræða í þessu tilviki.

Þau byggðasjónarmið sem vísað hefur verið til af hálfu ráðherra standast ekki skoðun samkvæmt upplýsingum sem bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar hafa aflað sér.

Samkvæmt tölulegum upplýsingum er Akureyri ekki í vörn hvað íbúafjölgun varðar, miðað við landsmeðaltal, og aðrar tölulegar upplýsingar gefa ekki sérstaklega til kynna að bæjarfélagið þurfi sérstakan stuðning ríkisins í þessum efnum.

- Atvinnuleysi í Hafnarfirði var að meðaltali árið 2013 4,7% samanborið við 3,5% á Akureyri.
- Atvinnulausir í Hafnarfirði sem eru með háskólapróf voru 118 en 62 á Akureyri í ágúst 2014.
- Stöðugildum hjá ríkinu fækkaði í Hafnarfirði um 126,8 á milli árána 2007 og 2013, eða um 20,4%. Á sama tíma fækkaði þeim um 57,2 stöðugildi á Akureyri, eða sem nemur 5,4%.
- Stöðugildi á vegum ríkisins á Akureyri voru 1.004 árið 2013 samanborið við 495 stöðugildi í Hafnarfirði.
- Verði af flutningi Fiskistofu til Akureyrar mun fækka um 57,5 stöðugildi til viðbótar við þau 126,8 störf sem fækkaði um milli árána 2007 og 2013 í Hafnarfirði.

Frekari samantekt og upplýsingar eru í meðfylgjandi fylgiskjali fundargerðar bæjarstjórnar.